

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1378/2020 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1641 um innflutning á lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum til manneðis frá Bandaríkjunum.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/158 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 um innflutning á lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum til manneðis frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/158 sem nefnd er í 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 25. ágúst 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/158**

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 um innflutning á lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum til manndis frá Bandaríkjunum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 129. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 238. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um almennar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits til að sannreyna að farið sé að reglum sem miða að því að koma í veg fyrir, eyða eða minnka áhættu sem menn og dýr eru berskjölduð fyrir, annaðhvort beint eða frá umhverfinu, svo að hún verði viðunandi.
- 2) Einkum er í reglugerð (ESB) 2017/625 mælt fyrir um almenn skilyrði vegna komu dýra og vara frá þriðju löndum eða svæða þeirra inn í Sambandið, þ.m.t. matvæli sem eru ætluð til manndis. Með 129. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að viðurkenna að ráðstafanir, sem þriðju lönd eða svæði þeirra beita, séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í tilteknum reglum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, ef þriðju löndin veita hlutlaga staðfestingu í þessu tilliti. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að setja fram skilyrði sem gilda um komu slíkra dýra og vara frá slíkum þriðju löndum eða svæðum þeirra inn í Sambandið, einkum að því er varðar eðli og innihald opinberra vottorða eða vottana sem eiga að fylgja þessum vörum.
- 3) Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1641 ⁽³⁾ eru ráðstafanirnar sem beitt er í ríkjum Massachusetts og Washington í Bandaríkjunum til að vernda lýðheilsu í tengslum við framleiðslu lifandi, kældra, frystra eða unninna samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla, sem eru ætluð til manndis, og við setningu þeirra á markað jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í reglunum um matvælaöryggi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 4) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 er komið á fyrirmynd að opinberu vottorði vegna innflutnings á lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, sem eru ætluð til manndis, frá Bandaríkjunum. Í fyrirmyndinni að opinbera vottorðinu er þess krafist að opinber skoðunarmaður votti að ráðstafanirnar sem beitt er við framleiðslu og setningu þessara vara á markað séu jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í reglunum um matvælaöryggi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 5) Í samræmi við ráðstafanirnar sem deild Matvæla- og lyfjaeftirlits Bandaríkjanna, sem ber ábyrgð á útflutningi lifandi, kældra, frystra eða unninna samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla, sem eru ætluð til manndis, til Sambandsins, samþykkti, ætti að aðlaga fyrirmyndina að opinbera vottorðinu, sem komið var á í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641, að viðeigandi sniði fyrir útflutning á þessum vörum til Sambandsins. Einkum ætti brottfarardagsetning sendinganna að koma fram í fyrirmyndinni að opinbera vottorðinu. Ennfremur ætti að veita upplýsingar um hvort vörurnar eru vottaðar til manndis eða til lokaneytenda.
- 6) Til viðbótar við lýðheilsukröfurnar í fyrirmyndinni að opinbera vottorðinu sem komið var á með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 ættu lifandi samlokur af þeim tegundum sem eru tilgreindar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽⁴⁾, sem eru ætlaðar til manndis, og afurðir úr þessum samlokum, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í Sambandinu áður en þær eru notaðar til manndis, einungis að koma inn í Sambandið ef þeim fylgir opinbert vottorð sem inniheldur viðeigandi dýraheilbrigðisvottanir. Af þessum sökum, til að uppfylla dýraheilbrigðiskröfur sem veita jafngildar ábyrgðir og þær sem kveðið er á um í löggiöf Sambandsins, ætti fyrirmyndin að opinbera vottorðinu að innihalda almennar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu inn í Sambandið, eins og sett er fram í 6. gr. (a- og b-liður 1. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽⁵⁾, og sértækar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu þessara vara inn í Sambandið eins og sett er fram í a-lið, ii. og iii. lið c-liðar og d-lið 167. gr. og 1. og 2. mgr. 169. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB 84, 31.3.2016, bls. 1.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1641 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

-
- ⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1641 frá 5. nóvember 2020 um innflutning á lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum til manneldis frá Bandaríkjunum (Stjtið. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 4).
- ⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna regna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).
- ⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýrarákinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

VIÐAUKI

Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu lifandi, kældra, frystra eða unninna samloka, skrápðýra, möttuldýra og sæsnigla, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið frá Bandaríkjunum

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi/útflytjandi				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.
	Heiti				I.3. Lögbært stjórnvald		
	Heimilisfang						
	Póstnúmer						
	Símanúmer						
	I.5. Viðtakandi/innflytjandi				I.6.		
	Heiti						
	Heimilisfang						
	Póstnúmer Símanr.						
	I.7. Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Upprunaríki	Kóði	I.9. Viðökuland	ISO-kóði	I.10.
Bandaríkin	US		SJÁ REIT I.28				
I.11. Sendingarstaður				I.12.			
Heiti Samþykkisnúmer							
Heimilisfang				I.14. Brottfarardagur			
I.13. Fermingarstaður							
I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Jámbrautarvagn <input type="checkbox"/> Auðkenning Tilvísun í skjöl:				I.16. Landamæraefirlitsstöð sem er komustaður við innflutning til ESB			
				I.17.			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
I.19. Vörunúmer (ST-númer)				I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar				I.22. Fjöldi pakkninga			
Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/>							
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer				I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar							
<input type="checkbox"/> Til manneldis <input type="checkbox"/> Til lokaneytenda							

I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>					
I.28. Auðkenning varanna							
Tegund (Visindah eiti)	Tegund vöru	Tegund með- höndlunar	Framleiðslu- stöð heiti og samþykkis- númer	Tekjustaður/ Uppruna- starfsstöð	Númer framleiðslu- lotu	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd

Bandaríkin (US)

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

II. hluti: Vottun	II. Upplýsingar um heilbrigði		II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>II.1. Lýðheilsuvottun fyrir lifandi, kældar, frýstar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla sem eru ætluð til manndis Ég, undirritaður, votta hér með að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Vörurnar, sem hér er lýst, samræmast og voru framleiddar í samræmi við viðeigandi bandarískar staðla og kröfur í opinberri lindýraeftirlitsáætlun Bandaríkjanna (e. <i>US molluscan shellfish regulatory control program</i>). — Vörurnar, sem hér er lýst, eru merktar þannig að þeim er ekki ætlað að fara á kaf í eða komast í snertingu við vatn í ESB. — Allt skelfiskefni af erlendum uppruna, sem er notað í þessar vörur, er frá þriðju löndum/stöðvum/vaxtarsvæðum sem hafa hlotið samþykki til að flytja lifandi samlokur til ESB. <p>(1) (2) II.2. Dýraheilbrigðisvottun fyrir lifandi samlokur(3) af skráðum tegundum sem eru ætlaðar til manndis, Ég, undirritaður, opinber dýralæknir votta hér með að lagardýrin, sem um getur í reit I.18 í I. hluta, uppfylla:</p> <p>II.2.1. almennar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu inn í Sambandið, sem eru settar fram í 6. gr. (a- og b-liður 1. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (A),</p> <p>II.2.2. sértækar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu vara sem þetta vottorð gildir um inn í Sambandið, sem settar eru fram í a-lið, ii. og iii. lið c-liðar og d-lið 167. gr. og 1. og 2. mgr. 169. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.]</p> <p><i>Athugasemdir</i> Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.</p>			

<p>I-hluti: — Reitur I.8: Upprunasvæði: Ríki í Bandaríkjunum, tekjustaður og númer samþykkt framleiðslusvæðis. II. hluti: (1) Hluti II.2. í þessu vottorði á einungis við um eftirtaldar vörur úr lifandi samlokum sem eru ætlaðar til manneldis:</p> <p>(a) lindýr af skráðum tegundum, sem eru flutt án vatns, sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 (B), og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,</p> <p>(b) lindýr af skráðum tegundum, sem eru flutt án vatns, sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p> <p>(c) lindýr af skráðum tegundum, sem eru flutt án vatns, sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað.</p> <p>(2) Liður II.2. á ekki við og skal strikað yfir hann þegar sendingin samanstendur af villtum lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum.</p> <p>(3) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 (C). Dýrategundir sem eru tilgreindar í 4. dálki þeirrar töflu skulu einungis teljast smitferjur við skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 171. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.</p> <p>(4) Ef sjúkdómur hefur áhrif og er tilkynningarskyldur.</p> <p>(5) Skal undirritað af: — opinberum dýralækni þegar dýraheilbrigðisvottunin í lið II.2 er fyllt út, — vottunarmanni eða opinberum dýralækni þegar strikað er yfir dýraheilbrigðisvottunina í lið II.2.</p>	
<p>[Opinber dýralæknir]^(c) / [Vottunarmaður]^(c) Name (in capitals) _____ Menntun, hæfi og titill _____ Dagsetning _____ Undirskrift _____</p> <p style="text-align: right;">Stimpill</p>	
<p>(A) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).</p> <p>(B) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).</p> <p>(C) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinnar reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).</p>	